

LÖG

um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vegna byggingar flugstöðvar og tengdra mannvirkja á Keflavíkurflugvelli er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt:

1. Að taka lán að fjárhæð allt að 616 millj. kr. eða jafnvirði allt að 22 millj. Bandaríkjadala. Lánsfjárhæð vegna framkvæmda ár hvert skal ákveðin í lánsfjárlögum í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.
2. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði til framkvæmdanna. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld þessi af vinnuvélum sem notaðar verða við byggingarframkvæmdir samkvæmt þessum lögum. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við byggingarframkvæmdirnar. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar og getur þar m. a. kveðið á um fyrningar og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum.

2. gr.

Utanríkisráðherra skal fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og tengdra mannvirkja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.